



Akureyri 11.apríl, 2013.

Til Velferðarnefndar alþingis.

Efni: Umsögn hjúkrunnarráðs Sjúkrahússins á Akureyri um drög að frumvarpi til laga laga um slysatryggingar almannatrygginga (þingskjal 1115-635 mál) og drög að frumvarpi til laga um lífeyrisréttindi almannatrygginga og félagslegan stuðning (þingskjal 1116-636 mál).

Fyrst fjöllum við um frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga.

Almennt:

Að okkar áliti er hér um gott skref að ræða að hafa slysatryggingar í sér lögum. Einföldun og samræming við önnur lög af hinu góða . Einnig er gott að ekki kemur til útgjaldaaukning ríkissjóðs frá fyrra lagaumhverfi.

Umfjöllun um einstakar greinar:

2.gr. 3.liður og 32.gr um réttarstöðu sambúðarfólks. Gott að skerpa á réttindum sambúðarfólks en þarna teljum við að það þurfi að koma til ákvæði s.s. segir í frumvarpsdrögum um frumvarp til laga um lífeyrisréttindi almanna- trygginga og félagslegan stuðning 21.gr.c-lið að uppfylla þurfi skilyrði fyrir samsköttun skv. 3.mgr.62.gr laga um tekjuskatt. Ef horft er á að einungis sé um sama lögheimili að ræða er gert ráð fyrir að það geti haft áhrif á bótarétt hvort þú hefur sama lögheimili og t.d. foreldrar þínir.

6.gr.e-liður.Gott skref en við teljum nauðsynlegt að ráðherra sé gert skylt að kveða nánar á um gildissvið ákvæðisins með reglugerð en ekki einungis að það sé heimilt.

Umfjöllun um drög að frumvarpi til laga um lífeyrisréttindi almannatrygginga og félagslegan stuðning.

Almennt:

Gott markmið og nauðsynlegt, að einfalda lagaumhverfi um almannatryggingar og að hækka bætur lífeyrisþega. Höfum ekki athugasemdir um einstakar greinar í frumvarpsdrögum að svo stöddu nema það sem er áréttað í athugasemdinni hér að ofan um óvígða sambúð. Hins vegar verðum við að taka undir álit frá Fjármála og efnahagsráðuneyti, fjárlagaskrifstofu, að mikið skorti á að tengja þessi drög við það fjármálaumhverfi sem ríkið stendur frammi fyrir s.s. langtímaspár um þróun öldrunarkostnaðar og hvernig fjármagna skal kerfisbreytinguna.

Einnig er stór galli að þessar breytingar eru ekki að bæta stöðu þeirra sem verst eru staddir heldur hyggla meira þeim sem hafa aðrar tekjur en tryggingabætur.

Því teljum við okkur ekki geta mælt með því að þetta frumvarp fari í gegn að óbreyttu.

Virðingarfyllt,

Fyrir hönd stjórnar hjúkrunarráðs,



Heiða Hringsdóttir
formaður hjúkrunarráðs
Sjúkrahúsið á Akureyri
Eyrarlandsvegi, 600 Akureyri
gsm, 8464274, s. 4661401
netfang: heidah@fsa.is eða hjúkrunarrad@fsa.is

Afrit:

Bjarni S. Jónasson

Forstjóri FSA